



# Verkefnastjórnun

MS nám

[hi.is/verkefnastjornun](https://hi.is/verkefnastjornun)

## Um námið

Í náminu læra nemendur að tileinka sér grundvallaratriði verkefnastjórnunar, farið er m.a. yfir ákvarðanatöku, áætlanagerð, framkvæmd og eftirfylgni verkefna. Námið kemur til móts við vaxandi þörf í atvinnulífinu eftir fólki með sérhæfða menntun til að stýra umfangsmiklum verkefnum.


- Fátt er verkefnastjórnun óviðkomandi
- Verkefnastjórnun er bæði hagnýtt og fræðilegt nám
- Eftirsótt kunnátta á vinnumarkaði

## Skipulag námsins

Námið er fyrir þá sem vilja öðlast þekkingu og skilning á verkefnastjórnun innan fyrirtækja og stofnana. Nám til MS prófs er 120 einingar hið minnsta, þar af 90 e. í námskeiðum, auk MS-ritgerðar 30 e. Miðað við fullan námshraða er námið fjögur misseri.

## Að námi loknu

Mikil eftirspurn er á vinnumarkaði eftir þekkingu á sviði verkefnastjórnunar. Uppbygging námsins miðar að því að búa nemendur undir að sinna krefjandi og flóknum störfum af verkefnatengdum toga, ekki hvað síst í fyrirtækjum sem byggja á verkefnamiðuðu starfi. Sömuleiðis tileinka nemendur sér færni og bæta möguleika sína á að gegna hinum ýmsu stjórnunarstörfum sem bera ábyrgð á og hafa viðfangsefni er varða verkefnastjórnun á sinni könnu, bæði hjá einkafyrirtækjum og hinu opinbera. Þeir sem ljúka MS námi í verkefnastjórnun, munu hafa tileinkað sér þekkingu á breiðum grundvelli, sem nýtist í mörgum störfum og rannsóknum.



## Inntökuskilyrði

Meistaránám í verkefnastjórnun er þverfaglegt nám fyrir þá sem vilja öðlast þekkingu og skilning á verkefnastjórnun innan fyrirtækja og stofnana. Forkröfur eru BS- eða BA-gráða úr viðurkenndum háskóla með fyrstu einkunn (7,25). Ekki er gerð krafa um fyrra nám í viðskiptafræði, en valið er inn í námið á grundvelli fyrri árangurs í námi (m.a. í aðferðafræðinámskeiðum) og eftir atvikum með hliðsjón af starfsreynslu.

## Inngangur að rekstri

Nemendur sem ekki hafa BS/BA í viðskiptafræði eða hagfræði í grunnnámi sínu, þurfa við upphaf námsins að ljúka undirbúningsnámskeiðinu VIÐ155M Inngangur að rekstri, samhliða öðrum námskeiðum á fyrstu vikum fyrsta haustmisseris. Námskeiðið samanstendur af sjö efnispáttum: aðferðafræði, rekstrarhagfræði, fjármál, reikningshald, lögfræði, upplýsingatækni, þjóðhagfræði. Námskeiðið er sérstaklega sniðið að þörfum meistaránemenda sem hafa tekið fá eða engin námskeið í rekstrarhagfræði og fjármálum í grunnnámi og er skyldunámskeið fyrir þessa nemendur. Í námskeiðinu eru fyrirlestrar haldnir á laugardegi og sunnudaginn á eftir er þreytt rafrænt próf úr efnispáttum fyrirlesturs og námsefnis. Þetta námskeið er ekki metið til eininga í MS náminu.

## Lotunám

Meistaránám við Viðskiptafræðideild er kennt í lotum. Þannig er hvoru misseri skipt upp í tvær lotur og nemendur taka að jafnaði tvö námskeið í hvorri lotu (eða skila sambærilegri vinnu við lokaritgerð). Hver lota samanstendur af sjö kennsluvikum og einni viku fyrir námsmat og próf.

## Hvað segja nemendur?

*„Nám í verkefnastjórnun er hagnýtt nám með fræðilegum grunni. Verkfærin sem námið veitir eru ekki bara nytsamleg í starfi, heldur einnig til skipulagningar og tímastjórnunar í verkefnum lífsins. Í náminu er góð tenging við atvinnulífið með kynningum og vettvangsferðum og námið opnar á fjölbreytta atvinnumöguleika. Allt frá því að starfa fyrir félagasamtök yfir í að starfa fyrir opinbera geirann eða einkageirann. Viðfangsefni verkefnastjórnunarlínunnar hafa nýst mér gífurlega vel í vinnu minni sem verkefnastjóri.“*

-Margrét Lúthersdóttir, deildarstjóri Rauða krossins í Mosfellsbæ

Meiri upplýsingar má nálgast á vefsíðu námsbrautarinnar, [hi.is/verkefnastjornun](https://hi.is/verkefnastjornun)

Viðskiptafræðideild

Gimli  
við Sæmundargötu  
101 Reykjavík  
Sími 525 4500  
nemFVS@hi.is  
[hi.is/vidskiptafraedideild](https://hi.is/vidskiptafraedideild)



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD